

# Náttfiðrildi

STEFÁN MÁNI



## TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.

		Bók nr.
Skóli		Tekin í notkun
Nemandi/bekkur	Útlán: (dags.)	Skil: (dags.)

- 1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
- 2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:  
N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

# Náttfiðrildi

GLÆPASAGA FYRIR UNGLINGA  
EFTIR STEFÁN MÁNA



## Náttfiðrildi

ISBN 978-9979-0-2279-4

© 2018 Stefán Máni

© 2018 Teikningar: Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Yfirllestur og álit: Helga Ósk Snædal Þórormsdóttir

og Ýr Þórðardóttir grunnskólakennarar

Yfirllestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2018

Rafræn útgáfa 2018

Menntamálastofnun, Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.



## Efnisyfirlit

Helstu persónur	4
Nafn mitt er X	5
Berfætta konan	9
Brotlending	18
Þráhyggja	30
Rauðhærði risinn	39
Grunuð um morð	48
Glæpur og refsing	51
Milli vonar og ótta	56
Hinn seki stígur fram	60
Mölur og ryð	70

## Helstu persónur



**X** – Unglingur í Reykjavík.

**Áslaug** – Kona sem finnst myrt.



**Ísak** – Gæslumaður á geðdeild.

**Grímur** – Vistmaður á geðdeild.



**Rauðhærði risinn** – Fulltrúi úr rannsóknardeild lögreglunnar.

## Nafn mitt er X

Í speglinum er mynd af fölum unglíngi með kolsvart hár, há kinnbein og dökkbrún augu. Hann er stelpa en samt finnst honum hann ekki vera það.

En hann er samt ekki strákur.

Málið er bara að ég sem horfi í spegilinn hugsa ekki þannig. Ekki í skilgreiningum og flokkunum – í einhverjum asnalegum kerfum. Ég hugsa meira í tilfinningum. Eða sko. Tilfinningar eru auðvitað ekki hugsanir.

Þetta er flókið, eins og stundum er sagt. En samt ekki.

Ég er bara ég.

Og ég veit aðeins tvennt. Hið fyrra er að ég er til, hið seinna er að einn daginn mun ég deyja. Þú veist þó hvað þú heitir, gætir þú sagt. En veit ég það? Foreldrar mínir gáfu mér nafn. Ég kann að segja það

og skrifa. En þegar ég var smábarn var ég kölluð Lilla. Stundum er ég kölluð það sem ég heiti en stundum gælunafni sem er einhvers konar stytting á því en samt ekki. Eins og menn sem heita Jón eru stundum kallaðir Nonni. Svo eru til uppnefni, eitthvað sem aðrir kalla mann til að stríða manni eða til að gera lítið úr manni eða bara til að gera mann reiðan. Stundum festast uppnefni við fólk og breytast þannig í venjuleg nöfn. Ég er stundum kölluð þannig nafni og kannski er það orðið fast við mig.

Og þess vegna veit ég eiginlega ekki lengur hvað ég heiti.

En þú veist hvað þú ert gömul, gætir þú sagt. Er það? spyr ég á móti. Mér er sagt að ég sé sextán ára, sem þýðir að það eru sextán ár síðan ég kom í heiminn. En hvað ef tíminn er blekking? Eða vitlaust mældur? Kannski er ég sexþúsund ára gömul. Eða sextán

mínútna. Kannski fæddist ég bara þegar ég vaknaði í morgun. Kannski er fortíðin bara draumur. Kannski er alltaf sami dagurinn. Kannski er ...

Ókei ókei, ég skal hætta þessu þrugli. Áður en þú heldur að ég sé geðveik eða eitthvað. En málið er bara að ég er andlega veik. Það er að segja, ég hef verið greind með geðhvörf og hef þurft að leggjast inn á geðdeild oftar en ég kæri mig um að muna. Fyrst á BUGL en síðustu tvö skiptin á alvöru geðdeild fyrir fullorðna, því ég get víst verið smávegis erfið. Of erfið fyrir barna- og unglिंगageðdeildina.

Er það þá ekki það þriðja sem ég veit, að ég sé geðveik, gætir þú spurt – og það væri nú snjallt af þér að spyrja að því, ekki satt? Þarna náði ég henni, gætir þú hugsað.

En er það svo?

Hvað ef ég er sú eina sem er í lagi en þið  
hin öll geðveik? Hefurðu hugsað út í það?  
Nei, ég hélt ekki.

Kannski veit ég ekki einu sinni tvennt,  
heldur bara eitt. Því hvernig get ég verið  
viss um að ég sé til? Manneskja með sál  
og allt það. Kannski er ég bara tölvuforrit  
eða bíómynd eða persóna í bók. Og ef  
ég er ekki til, þá get ég ekki dáíð, er það  
nokkuð?

Niðurstaðan er einföld.

Ég veit líklega ekki neitt.



## Berfætta konan

Stundum verð ég óróleg, eins og núna. Það er komið kvöld, næstum því miðnætti. Ég ætti að vera farin að sofa. *Alla vega komin í ró*, eins og amma segir. En það er ekki ró í mér, heldur hraði og eirðarleysi. Hugsanir þjóta um höfuðið. Ég á erfitt með að vera kyrr eða að einbeita mér að einhverju einu og mér finnst herbergið mitt þrengja að mér. Mér finnst ég vera að kafna, ég verð að komast út.

Eins og fugl í búri er ég við það að tryllast. Ég læðist fram. Það er myrkur á ganginum en úr stofunni berst flöktandi bjarmi og lágvært muldur, raddir úr sjónvarpinu. Ég gægist fyrir hornið. Mamma og pabbi sitja saman í sófanum og eru að horfa á vinsælan sjónvarpsþátt. Nema að þau eru ekki að horfa á sjónvarpið heldur á símana sína. Og þau sitja heldur ekki alveg saman. Í sófanum er breitt bil,

eins og það sitji ósýnilegur maður á milli þeirra. Birtan frá símanum lýsir upp andlit þeirra. Það er eins og foreldrar mínir séu ekki í stofusófanum heldur einhvers staðar allt annars staðar. Kannski á sama stað og ósýnilegi maðurinn.

Í forstofunni smeygi ég mér í hermanna-klossana og leðurjakkann, svo opna ég dyrnar og hverf út í svala nóttina, inn í myrkur sem táknar tímalauast frelsi – eins konar algleymi. Þegar ég er óróleg finnst mér gott að vera utandyra og fjarri öðru fólki. Einhvers staðar þar sem er nóg pláss, og helst nálægt sjó. Vatn hefur róandi áhrif á mig. Við búum í Vesturbænum, ekki langt frá Landakotskirkju. Ég geng til suðurs eftir Hofsvallagötu, í áttina að Ægisíðu. Það eru ljós í mörgum húsum en fáir á ferli.

Ég er nýbúin að fara fram hjá Melabúðinni þegar ég tek fyrst eftir þeim, fótsporunum á gangstéttinni. Þau eru eftir bera fætur og glóa í rökkriu – rauð eins og nýrunnið



blóð. Hjartað byrjar að slá hraðar. Fótleggirnir linast og ég fæ suð fyrir eyrun. Eru sporin raunveruleg eða er ég að fá enn eitt kastið?

Eins og alltaf þegar ég byrja að veikjast, þá fer ég í afneitun. Ég átta mig á því að ekki er allt eins og það á að vera en ég neita að trúa því. Viðvörunarbjöllur hringja en ég þykist ekki heyra í þeim, vil það ekki.

Þess vegna fylgi ég blóðugu fótsporunum í stað þess að hika eða biðja um hjálp. Ég er á valdi blekkingarinnar. Og hvað ef sporin eru raunveruleg og einhver er í lífshættu? Einhver sem ef til vill þarf á hjálp minni að halda. Án þess að ég taki eftir því breytist reykvíska haustnóttin í lifandi málverk eftir Van Gogh. Myrkrið verður að mjúku flaueli, dimmbláu og draumkenndu – það er hægt að synda í því, drekka það. Á himinhvolfinu tindra stjörnur á stærð við loftbelgi og senda frá sér kitlandi ljósgeisla, fullt tunglið er bráðnandi hunangssól.

Blóðug fótsporin líkjast ryðrauðum  
laufblöðum á kaldri stéttinni,  
og maður í svörtum rykfrakka flögrar  
eins og leðurblaka upp úr fjörunni og  
hverfur inn á milli húsanna í Sörlaskjóli.

Ég líð áfram, fylgi daufum sporunum.  
Þau liggja út á grasbalann ofan við  
sjávarkambinn, þar sem þau dofna  
smám saman og leysast að lokum upp.

Voru þau bara ímyndun?

Ég nem staðar niðri við sjóinn, anda að  
mér ilmi af salti og þangi og hlusta á hafið  
hvísla – tunglsljósið glampar á öldunum.  
Jörðin titrar, loftið titrar – ég titra eins og  
heimurinn sé hljóðfæri og sál mín einn af  
strengjum þess. Ég renn saman við efnið  
og andann sem allt er ofið úr. Hið forna  
orð *universe* kemur upp í hugann og ég  
veldi fyrir mér uppruna þess og merkingu.

Myrkrið er flauel og ljósið er endurskin  
frá gimsteini sem hvílir á því, þenst út og  
dregst saman eins og hjarta sem slær, og

breytist að lokum í lifandi veru. Í glæsi-  
lega unga konu sem ýtir ósýnilegum  
tjöldum til hliðar og stendur allt í einu  
á bakkanum rétt hjá mér.

Eða var hún þarna allan tímann?

Konan er aðeins eldri en ég, kannski  
tuttugu ára – ljóshærð og bláeyg.  
Hárið er liðað, augun stór og spyrjandi.  
Hún er klædd í þunna silkislopp með  
drekamynstri, bundinn saman um mittið.  
Fætturnir eru berir, hún er með gæsa húð  
á framhandleggjunum. Hún gjóir á mig  
augunum og brosir dauft út í annað. En  
svo horfir hún til hafs, dreymin á svip.  
Eins og hún sé að bíða eftir að einhver  
komi og sæki hana. Einhver sem er ef til  
vill á leiðinni á litlum bát.

Mér finnst hún falleg. Svo falleg að mér  
fer að líða einkennilega. Eins og ég sé  
með hita.

„Er þér kalt?“ spyr ég, til að segja eitthvað.  
Henni hlýtur að vera kalt.

Hún brosir, svo hristir hún höfuðið.

„Ekki lengur. Þetta venst.“

„Ertu að bíða eftir einhverjum?“ spyr ég.

„Kannski kærastanum? Er hann sjómaður?“

„Kannski var ég að bíða eftir þér“

Hún gengur alveg upp að mér. Horfir

í augun á mér og brosir prakkaralega.

Silkisloppurinn er fleginn, brjóstaskoran

blasir við mér.




Ég veit ekki fyrr en hún kyssir mig á munninn – ofurlaust.

Ég hitna öll. Verð vandræðaleg.  
Hvað var þetta?

Hún hlær. „Slakaðu á. Ég er að stríða þér.“

„Allt í lagi,“ tekst mér að stynja upp.

Ég þori varla að horfa á hana en tek þó eftir því að hún er með húðflúr á öðru



brjóstinu. Það er mynd af fiðrildi. En svo átta ég mig á því að ekki er um fiðrildi að ræða, svona fræðilega séð, heldur ...

„Mölnur,“ tauta ég.

„Ha?“ segir hún.

Ég roðna. „Húðflúrið. Þú ert með mynd af mölflugugu. Öðru nafni ...“

„Náttfiðrildi,“ botnar hún og brosir breitt. „Vel gert. Það eru ekki margir sem þekkja muninn á fiðrildi og mölflugugu.“

Ég brosi á móti, enda er mér létt. „Ég hef áhuga á skordýrum. Ég veit mjög margt um þau. Til dæmis það að kónguló er ekki skordýr heldur áttfætla og að fiðrildi eru með kúlur á endunum á fálmurunum en mölflugur ekki. Eins og þessi.“

Konan kinkar kolli. „Einmitt. Þú ert fyrsta manneskjan sem ég hitti sem ég þarf ekki að leiðrétta. Þú trúir því ekki hversu þeytt ég er orðin á að ...“



Hún þagnar, deplar augunum og lítur undan, sorgmædd á svip. Eins og hún hafi allt í einu munað eitthvað slæmt – eitthvað hræðilegt.

Mér snöggkólnar. Það er eins og þetta skelfilega sem hún er að hugsa leggist líka yfir mig, eins og mara.

„Er allt í lagi?“ spyr ég lágt.

Hún brosir daufllega.

„Er eitthvað sem ég get gert?“ spyr ég.

Hún dregur andann djúpt, horfir til hafs.

„Hann fór í sjóinn. Hann hvílir þarna úti.“

„Hver?“ spyr ég ringluð. „Kærastinn þinn? Drukknaði hann?“

Hún hristir höfuðið. „Lykillinn.“

„Lykillinn?“ hvái ég.

„Þú finnur hann fyrir mig, systir. Ekki satt?“ spyr konan. Hún horfir djúpt í augu mín, svo leysist hún upp og breytist í þúsund ljósbrot – í óteljandi náttfiðrildi sem flögra um í tunglskininu áður en þau hverfa ...

## Brotlending

Ég er búin að vera á geðdeildinni í sólarhring. Eða eru þeir orðnir tveir? Mér líður eiginlega eins og ég hafi verið hér í heila viku. Það er eins og tíminn standi í stað, að sandurinn í glasinu renni ekki lengur. Lyfin hafa þessi áhrif. Líkaminn er úr bómull og heilinn syndir í blautri steinsteypu. Ég er hætt að sjá ofsjónir en mér líður eins og ég sé með háan hita – allt gerist eins og í hægum hreyfingum og það er ósýnilegur veggur á milli mín og umhverfisins.

Ég er gullfiskur í glerskál sem er hausinn á mér, sit við borð á einu herberginu og teikna mynd með trélitum. Það er mynd af mölflugum. Ég gæti eflaust sagt á herberginu *mínu* en ég á auðvitað ekki þetta herbergi. Mér var bara úthlutað því, tímabundið.

„Þú ert komin aftur,“ segir einhver fyrir aftan mig.



Ég lít upp, sný höfðinu ofurhægt.  
Sá sem stendur í gættinni er einn af  
gæslumönnunum á deildinni. Hann er  
með þeim yngri, ekki orðinn þrítugur.  
Hann heitir Ísak. Ég kann ágætlega við  
hann, þannig séð. Ísak er strangur en  
rólegur og gefur sér oft tíma til að spjalla.  
Hann er vel lesinn og veit ýmislegt.  
En hann horfir oft einkennilega á mig.  
Of fast, of lengi.

En kannski er ég bara að ímynda mér það.

Ég kreisti fram bros og held síðan áfram  
að teikna. Mölurinn er í bláum litum,  
með gulu mynstri á vængjunum – eins  
og húðflúrið á konunni sem kyssti  
mig. Fallegu konunni sem var víst ekki  
raunveruleg.

Ísak kemur nær, lítur yfir öxlina á mér.

„Nokkuð gott,“ segir hann. „Er þetta  
fiðrildi? Eða kannski mölur?“

Ég kinka kolli. „Náttfiðrildi.“

„Nokkuð gott,“ segir Ísak aftur. „Má ég kannski eiga teikninguna þegar hún er tilbúin?“

Ég hika en samþykki það svo. Ég ætlaði að eiga myndina sjálf, svona til minningar um kvöldið við sjóinn en það getur borgað sig að hafa gæslumennina góða. Ég get alltaf teiknað aðra mynd.

„Skynsöm stelpa.“ Hann klappar mér á bakið – snertingin kallar fram vægan hroll. Ef *hann* myndi smella á mig óvæntum kossi myndi ég tryllast.

„Hvað segirðu um að kíkja fram í setustofuna?“ spyr Ísak. „Þú mátt ekki einangra þig of mikið.“

Ég ræski mig, enda þurr í munninum. Aukaverkun af lyfjunum. „Allt í lagi.“

Ísak fylgir mér í setustofuna og finnur fyrir mig sæti, síðan lætur hann sig hverfa. Ég hlamma mér í stólinn, alveg búin á því eftir stutt labbið, komin með svima.

Setustofan er hálf full af konum og körlum og ég kannast við flest andlitin. Sumir eru í sínum eigin fötum, aðrir í slitnum náttslöppum utan yfir náttföt sem eru eign þvottahúss spítalanna. Við eitt borðið sitja fjórir vistmenn og spila kana. Tvær konur og tveir karlar. Ég fylgist með og hlusta á þau tala – gríp á lofti setningar sem falla eins og laufblöð til jarðar.

„Þeir eru enn að leita að morðingjanum.“

„Blóð úti um allt.“

„Hrikalegt.“

„Enginn grunaður?“

„Hún átti víst ófáa elskhuga, hehe.“

„Það er ekki satt!“

„Hvenær sástu hana síðast?“

„Fyrir mánuði.“

„Var það hér?“

„Hvar annars staðar?“

„Þekktir þú hana, prinsessa?“

Raddirnar hljóðna. Mér finnst þögnin þægileg. Svo átta ég mig á því að hún er hlaðin spennu, í raun frekar óþægileg.

Ég depla augunum, lít upp. Á mig stara átta augu. Vismennirnir halda á spilunum sínum eins og blævæng en eru ekki að spila. Þeir horfa allir á mig og virðast vera að bíða eftir einhverju.

„Hvað?“ spyr ég.

„Varstu ekki að hlusta?“ segir einn þeirra hranalega. Hann heitir Grímur og er elstur í hópnum, líklega um fertugt. Lágvaxinn en sterkbyggður, svarthærður með grófa skeggbrodna og blóðhlaupin augu.

„Við vorum að tala um Áslaugu sem var drepin. Hvort þú hafi þekkt hana.“

„Hver var drepin?“ spyr ég.

„Nú, Áslaug!“ segir Grímur pirraður.

„Var ég ekki að segja það? Hún var einn af fastagestum. Mjög þunglynd. Gullfalleg. Með fiðrildi á brjóstinu.“

„Með fiðrildi?“ hvái ég.

„Á brjóstinu, já! Var ég ekki að segja það?“ hreytir Grímur út úr sér, svo brosir hann illkvittnislega. „Ekki segja mér að þú hafi aldrei horft á brjóstin á henni, prinsessa. Það vita allir að þú ert ekki hrifin af strákum, hehe.“

Félagar Gríms glotta en konurnar ranghvolfa augunum.

„Þú sagðir að hún hafi verið drepin,“ segi ég, orðin ringluð á þessum óvæntu en að sama skapi brotakenndu upplýsingum.



„Ég sagði það, já. Enda var það það sem gerðist, sjáðu til,“ segir Grímur kuldalega. „Einhver fór heim til hennar á Hagamelinn og stakk hana ótal sinnum með hnífi. Það var blóð úti um allt. Einhver sem síðan lét sig hverfa út í nóttina. Lögreglan kom ekki fyrr en daginn eftir. Nágranni hringdi, sagðist hafa heyrt öskur kvöldið áður, laust fyrir miðnættið. Svo hafði hundurinn hans hegðað sér undarlega morguninn eftir. Urrað og gelt fyrir framan dyrnar að risinu þar sem Áslaug bjó. Þá hringdi hann á lögregluna en það var of seint, morðinginn löngu farinn og vinkona okkar látin – myrt. Þetta var allt í blaðinu. Lestu ekki blöðin, prinsessa?“

„Nei,“ hvísla ég um leið og ég reyni að ná utan um allar þessar upplýsingar. Með fiðrildi á brjóstinu ... *myrt* ... í risibúð á Hagamel, í götu sem er mitt á milli heimili foreldra minna og Ægisíðu.

Er Grímur að tala um konuna sem birtist í tunglskininu? Þessa í silkisloppnum? Er hún raunveruleg? Heitir hún Áslaug? Hafði ég þá séð draug? Kysst dána konu? Eða var hún myrt eftir að ég hitti hana?

„Fundu þeir hnífinn? Morðvopnið?“  
spyr önnur konan. Það skjáfar í spilum, þau eru aftur farnir að spila kanann.

„Nei.“

„Ætli hann finnist? Morðinginn?“

„Ég efast um það.“

„Hvenær var ég lögð hingað inn?“ spyr ég.  
Þau hlæja.

„Á hverju ertu eiginlega?“ spyr hin konan.

„Svona, svona,“ segir hinn maðurinn.

„Ekki segja mér að þú sért eitthvað skýrari fyrstu dagana eftir innlögn. Þú varst lögð inn í fyrradag, prinsessa. Klukkan hálféitt eftir miðnætti. Kvöldið sem hún Áslaug okkar var myrt. Klukkustund á undan

honum Grími hérna. Ég var vakandi,  
gat ekki sofið.“

„Var hún dáið þá?“ spyr ég.

Grímur kinkar kolli. „Ef eitthvað er að  
marka þennan nágranna, já. Þeir halda að  
hún hafi verið myrt um klukkan hálfþólf.“

„Átti hún nokkuð slopp?“ spyr ég.

„Svona silkislopp. Með drekum á.“

Grímur leggur spilin sín frá sér og horfir  
rannsakandi á mig. „Já, hún var oft í  
honum hér. Þú manst þá eftir henni eftir  
allt saman!“

„Ætli það ekki,“ tauta ég, svo þurr í  
munninum að ég er við það að fara  
að hósta.

„Stungin með hnífi,“ segir einhver við  
borðið. „Hver gerir svona lagað?“

„Afbrýðissamur elskhugi?“ stingur Grímur  
upp á. „Er þetta ekki svona dæmigerður  
ástríðuglæpur, ha?“



„Ástríða?“ hvái ég, hneyksluð. „Að myrða einhvern hefur ekkert með ást að gera. Það er hatursglæpur.“

„Róleg, valkyrja,“ segir Grímur og gefur mér illt auga. „Ég var bara að meina ástæðuna. Af hverju hann gerði það, sá sem gerði það. Skilurðu. Áslaug var fjandi merkileg með sig, ef þú spyrð mig. Með nefið upp í loft. Berandi sitt heilaga hold en þóttist ekki vita af eigin áhrifamætti. Einmitt! Gerði alla ástsjúka en var of góð fyrir ... fyrir hvern sem er. Að eigin mati, sjáðu til. Kannski átti hún þetta skilið, ha?“

„Grímur þó!“ segir önnur konan.

„Öfund, afbrýði, aumingjaskapur,“ muldra ég. „Svona illvirki ætti að heita hatursglæpur. Eða bara einfaldlega morð.“

„Hvaða, hvaða,“ segir Grímur glottandi.

„Maður fer að halda að þú hafir þekkt hana betur en við hin. Var kannski eitthvað á milli ykkar? Var hún með

konum líka? Hehe.“

„Ég sá hana,“ hvísla ég.

„Sástu hana?“ hváir Grímur.

Ég ræ fram í gráðið. „Um kvöldið, niðri við sjóinn. Um miðnættið.“

Grímur verður allur augu og eyru.

„Kvöldið sem hún var myrt?“

Ég kinka kolli, stari í gaupnir mér, horfi á hendurnar liggja máttlausar á lærunum og held áfram að rugga mér fram og til baka.

„Hún sagði að hann hefði farið í sjóinn. Að hann hvíldi á hafsbotni.“

„Hann hver?“ spyr Grímur.

Ég yppi öxlum. „Morðinginn kannski?“

„Að hann hafi gengið í sjóinn, áttu við?“ spyr Grímur. „Að hann hafi framið sjálfsmorð?“

Ég yppi aftur öxlum, orðin æst og ringluð – heilinn er kominn á flug en lyfið vængstífir hugsanirnar jafnóðum. „Já, eða

... Nema hún hafi átti við að ...“

„Jæja!“

Ég þagna og stífna upp þegar einhver leggur hönd á aðra öxlina á mér. Það er Ísak. Hann stendur fyrir aftan mig og kreistir á mér öxlina. „Læknirinn getur hitt þig núna.“

„Geðlæknirinn?“ hvái ég.

„Hann ætlar að meta þig,“ segir Ísak.

„Hver veit nema hann hleypi þér aftur heim?“

Ég lít á Grím og hina vistmennina. Þau eru djúpt sokkin í spilið. Það er eins og þau viti ekki af mér.

Eins og ég sé ekki lengur til.

Eða að þau séu ímyndun ein.

## Þráhyggja

Sá sem fæðist inn í þennan heim, hann á rétt á að lifa. Líf þeirrar manneskju er heilagt, hvort sem viðkomandi er stéttlaus Indverji eða forseti Bandaríkjanna eða bara einn af þeim milljörðum sem lifa, dreymir og deyja án þess að nokkur taki eftir því. Líf hvers og eins er það dýrmætasta sem hann á – það *eina* sem hann á. Allt annað er ýmist skraut eða blekking. Veraldlegar eigur eru skraut, menntun, frægð og viðurkenningar eru blekking. Það *eina* sem við eigum í raun og veru er hjarta sem slær og heili sem hugsar og dreymir. Hjartað mælir tímann sem okkur er úthlutað, heilinn sér um að fylla þennan tíma af hugsunum og draumum. Hvað við gerum við tímann sem við fáum er okkar val.

Að eyðileggja líf fólks með ofbeldi, yfirgangi og frekju er glæpur. Að meiða,

særa eða valda einhverjum kvíða eða áhyggjum er glæpur. Að drepa einhvern – að rífa hjarta einhvers upp með rótum – er meira en glæpur. Það er hámark illskunnar. Andstaða lífsins er dauði. Dauði er myrkur, kuldi og eilíf fjarvera.

Tóm ...

Ég er með morðið á heilanum. Jafnvel komin með þráhyggju. Þess vegna held ég hugsunum mínum út af fyrir mig. Fólk fengi óþarfa áhyggjur ef ég færi að tjá mig um málið. Það myndi halda að ég væri í maníu, að verða strax aftur veik. Sem er kannski rétt, ég veit það ekki. En ég get ekki hætt að hugsa um morðmálið, það á hug minn allan.

Skiljanlega, ekki satt?

Ég hitti jú hina myrtu. Líklega skömmu eftir að hún lést. Hún kyssti mig. Ég var ekki að ímynda mér það vegna þess að ég vissi ekki einu sinni að þessi kona væri til, hvað þá að einhver væri nýbúinn

að stinga hana ótal sinnum með hnífi –  
myrða hana með köldu blóði.

En hvað sá ég? Hvað var hún? Draugur,  
andavera, svífandi sál – flöktandi  
heilmynd úr annarri vídd?

Ég veit það ekki. Ég veit bara að Áslaug  
er ennþá til. Hún er bara ekki lengur hér.  
Ekki í jarðlífinu. Ræturnar eru dauðar  
en afskorið blómið lifir – um sinn, í það  
minnsta.

Geðlæknirinn ávísaði nýjum lyfjum og  
sendi mig heim. Pabbi kom og sótti mig,  
við þögðum í bílnum. Það fyrsta sem ég  
gerði var að sanka að mér dagblöðum  
undanfarinna daga og klippa úr þeim  
fréttir um málið. Í fyrstu var ekki mikið  
vitað. *Manndráp á Hagamel. Voðaverk í  
Vesturbænum*. Lögregla kvödd á staðinn.  
Ekki hægt að birta nafn hinnar látnu að  
svo stöddu og svo framvegis. Kona er  
myrt, bylgja sorgar, hryllings og samúðar  
fer um samfélagið. Svo kemur sjokkið.

*Enginn í haldi vegna manndrápsins.  
Tveimur karlmönnum sleppt að lokinni  
yfirheyrslu. Lögreglan ráðþrota. Morðingi  
gengur laus. Svo er loks hægt að birta  
nafn hinnar látnu, enda búið að láta  
aðstandendur vita. Áslaug Benediktsdóttir.  
Með nafninu fylgir mynd af brosandí  
fegurðardís með stúdentshúfu. Hún horfir*



beint í augu ljósmyndarans, á mig sem klippti út myndina og inn í framtíð sem átti að vera björt og full af tækifærum en reyndist svo vera niðdimmt öngstræti.

Samúðin í samfélaginu hverfur smám saman, gufar upp. Kjaftasögur fara á kreik en ég reyni að leiða þær hjá mér. Ég hunsa kommentakerfin að mestu og forðast að lesa stöðufærslur og blogg. Ég logga mig út af samfélagsmiðlunum og slekk á tölvunni. En samt heyri ég og les eitt og annað óskemmtilegt. Áslaug er sögð hafa glímt við andleg veikindi, verið *geðveik*, og að hún hafi oftár en einu sinni reynt að taka eigið líf. Eins og það komi málinu eitthvað við. Hún er sögð hafa byrjað snemma í neyslu og komist oftár en einu sinni í kast við lögin. En sneri svo við blaðinu, benda einhverjir á – kláraði til dæmis stúdentinn. Svo eru það karlamálin. Allir elskhugarnir sem hún átti að hafa vafið sér um fingur, haldið á lofti



eins og litlum boltum – bæði körlum og konum. Ýjað er að því að hún hafi jafnvel selt blíðu sína.

Eins og fólk sé almennt eitthvað fullkomið. Eins og líf einhleyprar ungrar konu sé minna virði en til dæmis líf ráðsettrar húsmóður. Eins og morð sé ekki eins skelfilegt ef fórnarlambið er öryrki, utangarðsmaður eða af einhverjum öðrum ímynduðum lægri stigum samfélagsins. Eins og einhver hafi efni á því að dæma aðra manneskju opinberlega.

Stundum verð ég svo reið að ég verð að fara út að labba, svona til að létta af mér þrýstingi – eins og heilinn sé gufuketill sem hjartaeldurinn kyndir undir þar til öryggislokinn flautar. En af hverju gerir óvægin umræða um ókunnuga manneskju mig svona reiða? Kannski er það vegna þess að mér finnst ég ekki vera ókunnug Áslaugu, þó að ég hafi aldrei hitt hana í lifanda lífi. Kannski vegna þess að við eigum eitt og annað sameiginlegt, ég

og hún, eins og það að vera veik á geði. Kannski er það út af kossinum sem kitlar enn varir mínar. Kannski finnst mér við vera tengdar, svona andlega – eins og hún sé sálufélagi minn.

Annars hefði ég ekki séð hana, ekki satt? Annars hefði hún ekki birst mér, heldur einhverjum öðrum. Eða bara alls engum. En hún valdi mig. Þess vegna er mér ekki sama um hana. Þess vegna vil ég finna morðingja hennar, svo sálin fái frið. Og mig grunar meira að segja ákveðinn einstakling.

En það er önnur saga.

Kannski er ég ástfangin af Áslaugu, svona í laumi – en ég vil sem minnst hugsa um það. Hvað hefði það upp á sig? Ég geng hratt eftir götunum í Vesturbænum, og áður en ég veit af er ég stödd fyrir framan húsið sem hún bjó í. Ég enda alltaf hér, hjá þessu gamla og glæsilega en jafnframt eilítið dimma og drungalega

steinhúsi. Það dregur mig til sín eins og  
skeljasandsklæddur segull.

Húsið er kjallari, tvær hæðir og ris.  
Í garðinum vaxa myndarleg tré sem þrýsta  
sér að veggjum hússins, skyggja á það  
og auka á drungann. Að vestanverðu eru  
tröppur sem liggja að steyptum palli.  
Þar eru tvennar dyr. Aðrar þeirra eru að  
íbúðinni á fyrstu hæð. Hinar liggja að



stigagangi upp á efri hæðina og alla leið upp í risið. Það eru dyrnar sem Áslaug gekk um á meðan hún bjó í íbúðinni. Hún gekk upp stigann í síðasta sinn fyrir fáeinum dögum, svo var hún borin niður á sjúkrabörum, með hvítt lak yfir andlitinu.

Köld og föl, með örlítinn bláma í andlitinu.

Sama kvöld gekk morðinginn upp stigann.

Var hann með lykil? Eða hleypti hún honum inn? Við dyrnar er dyrasími. Hann hefur ef til vill hringt og logið einhverju, sagst vera frá póstinum eða eitthvað þannig. Nema hún hafi þekkt hann og treyst honum. Ég hallast að því síðara.

Svo ræðst hann á hana – stingur hana með hnífi. Hún æpir, enginn kemur til hjálpar.

Geltir hundur nágrannans? Kannski.

Morðinginn þurrkar burt fingraför, síðan hraðar hann sér aftur út, niður tröppurnar.

Hverfur inn í náttmyrkrið.

## Rauðhærði risinn

„Á hvað ert þú að glápa?“

Röddin sem spyr er dimm og hrjuf.

Ég stirðna í sporunum, enda stendur sá sem spyr beint fyrir aftan mig – *ofan* mig.

Ég svara ekki en herði upp hugann og sný mér við – síðan stíg ég tvö skref til baka og glenni upp augun. Yfir mér gnæfir risi í svörtum leðurfrakka, rauðhærður með grófskorið andlit og sægræn augu sem loga eins og smaragðar undir þungum brúnum.

Ég gapi eins og þorskur á þurru landi.

„Ég spurði þig spurningar,“ segir risinn.

„Ertu mállaus?“

„Nei, ég ...“ styn ég upp.

„Nei þú hvað?“ spyr risinn ruddalega.

Hann starir á mig, ógnvænlegur á svip, og lítur út fyrir að ætla að slíta mig í sundur með krumlunum. Ég hef aldrei séð svona stórar hendur.

„Ég var ekki að glápa á neitt,“ flýti ég mér að segja, svo ætla ég að hraða mér af vettvangi en risinn stöðvar mig – hann réttir út annan lófann sem lokar flóttaleiðinni eins og hlið með fimm sverum rimlum.

„Ertu að flýta þér?“ spyr hann.

„Já, ég ...“ Röddin brotnar. Ég er rám af stressi og byrjuð að svitna.

„Fyrst tölum við aðeins saman, ég og þú,“ segir rauðhærði risinn. Hann dregur upp skírteini og sýnir mér það. Hann reynist vera fulltrúi úr rannsóknardeild.

„Lögga?“ spyr ég.

Hann kinkar kolli, stingur skírteininu aftur inn á sig og tekur fram litla blokk og penna. „Rannsakandi. Og þú ert?“

Ég ræski mig, svo gef ég upp nafn mitt og heimilisfang. Röddin skelfur, ég er eflaust föl sem nár.

Rannsakandinn skrifar þetta hjá sér,  
svo horfir hann beint í augun á mér.  
„Þú varst líka eitthvað að snuddast hér  
í gær. Hvað dregur þig hingað?“

„Snuddast?“ hvái ég, annars vegar  
vegna þess að ég þekki ekki orðið,  
þó að ég skilji hvað hann er að meina,  
og hins vegar til að kaupa mér smá tíma.  
Hvað á ég að segja? Sannleikann?

Og hver er hann?

„Þú veist vel hvað gerðist hérna uppi,“  
segir rannsakandinn með sinni djúpu  
bassarödd. „Þú veist vel að þetta er  
glæpavettvangur. Að málið er enn  
óupplýst.“

Ég kyngi, kinka síðan kolli.

Hann virðir mig vandlega fyrir sér.

„Hefurðu áhuga á glæpum? Á morðum?  
Á glæpamönnum? Hefurðu lesið þannig  
bækur, horft á bíómyndir?“

Ég þori ekki öðru en að jánka þessu. Það er ekki eins og hann sé að spyrja, meira eins og hann viti svarið nú þegar – að hann sé að segja mér að hann lesi mig eins og opna bók og þess vegna skuli ég ekki reyna að ljúga.

„Þá veistu eflaust eitt og annað,“ segir hann, „eins og þá staðreynd að morðingjar heimsækja gjarnan vettvanginn aftur. Þeir standast ekki freistinguna, snúa til baka daginn eftir eða nokkrum dögum síðar til að endurlifa glæpin um leið og þeir fylgjast glottandi með lögreglunni fálma út í loftið, fávísri og heimskri. Hann er klárari en löggan, að eigin mati. Hann leikur sér að réttvísinni eins og köttur að mús.“

Ég fæ hnút í magann og súrt bragð í kokið. „Og heldurðu að ég sé hérna þess vegna? Að ég sé þessi morðingi sem snýr aftur á vettvanginn?“



„Þekktirðu hina látnu?“ spyr hann á móti.

Ég hika en hristi síðan höfuðið. Svo roðna ég því rannsakandinn tók örugglega eftir því að ég hikaði.

Hann dregur andann inn um nasirnar.

„Hvar varstu á þriðjudagskvöldið var, milli klukkan ellefu og tólf?“

„Ég var heima hjá mér um þetta leyti,“ svara ég skjálfrödduð, „en svo fór ég út að labba. Ég gekk niður Hofsvallagötu, alveg niður að sjó. Svo ...“

Ég þagna, fæ kökk í hálsinn.



„Svo hvað?“ spyr rannsakandinn  
hranalega.

„Ég fór í geðrof,“ segi ég rúm. „Ég hljóp  
að næstu húsum, barði á dyr og glugga  
og bað um hjálp. Einhver hringdi í  
Neyðarlínuna. Það kom sjúkrabíll, ég  
var lögð inn á geðdeild. Ég kom þangað  
klukkan hálfétt, er mér sagt.“

Rannsakandinn glennir upp grænu augun.  
„Hefur þetta gerst áður?“

Ég kinka kolli, skömmustuleg á svip.

Risinn rymur, skrifar eitthvað í blokkina  
og lítur síðan snögglega upp. „Hvenær  
fórstu að heiman á þriðjudaginn?  
Klukkan hvað fórstu í þennan labbitúr?“

„Um klukkan ellefu,“ segi ég. „Eða  
kannski aðeins seinna. Ég er ekki viss.  
Ég var að byrja í geðrofum en áttaði mig  
ekki á því. Mig vantaði bara ferskt loft, að  
komast út ... Mér fannst ég vera að kafna  
og ...“

Rannsakandinn þaggar niður í mér með því að rétta fram trölslegan lófa.

„Er eitthvað sem þú vilt segja mér? Eitthvað sem viðkemur morðinu á Áslaugu Benediktsdóttur?“

„Eitthvað?“ hvái ég eins og bjáni. Hvað á ég að gera? Segja honum frá blóðugu fótsporunum? Frá samtali okkar Áslaugar sem fór fram *eftir* að hún dó?

Frá því sem ég heyrði á geðdeildinni? Frá grunsemdum mínum sem vöknudu þegar ég heyrði ákveðinn einstakling segja ákveðin orð?

„Nei,“ hvísla ég, enda fullkomlega óviss um hvar geðveiki mín byrjar og skynsemin endar.

Rannsakandinn rymur.

„Ekki nema ...“ styn ég svo upp. Hjartað hamast í brjóstinu og ég er byrjuð að skjálfa af ótta og stressi.

„Já?“

„Ekki nema það, að hún var stundum á geðdeildinni, eins og ég,“ tekst mér að segja. „En ég hitti hana aldrei þar. Mér var bara sagt frá þessu. Við vorum sem sagt báðar geðveikar, ég og hún. Það eru tengslin, sjáðu til.“

Rannsakandinn kinkar kolti. „Ég vissi þetta auðvitað. Að hún hefði átt við andleg veikindi að stríða, á ég við.“

„Já, auðvitað,“ tauta ég.

Hann starir enn og aftur á mig. „Þú gætir hafa komið hérna í geðrofunum. Þú gætir hafa myrt Áslaugu og farið eftir það niður að sjó, bankað á hús og beðið um hjálp, ekki satt?“

Mér rennur kalt vatn milli skinns og hörunds. Ekki vegna þess að ég óttist að lögreglumáðurinn gruni mig um morð, heldur vegna þess að mér hefur dottið

Þetta sjálfri í hug. Hvað ef þetta er einmitt það sem gerðist? Hvað ef ég er morðingi án þess að vita það? Ég hef ráðist á fólk. Bitið, lamið, klórað og ...

„Ég held ekki,“ hvísla ég, „en ...“

„En hvað?“ spyr rannsakandinn.

„En ég er ekki viss,“ bæti ég við.

Lögreglumaðurinn réttir úr bakinu og dregur andann djúpt. „Værirðu til í að koma aðeins með mér á stöðina? Ég mæli með að þú segir já, því ef þú segir nei þá neyðist ég til að fara með þig þangað í járnum.“

## Grunuð um morð

Lögreglustöðin við Hverfisgötu er stór bygging. Við ókum þangað á svörtum jeppa með skyggðum rúðum, ég og rauðhærði risinn. Hann lagði jeppanum í porti aftan við stöðina, svo gengum við inn um bakdyr. Við tókum lyftu, gengum eftir löngum gangi og erum nú stödd í litlu gluggalausum herbergi sem er hálffullt af grænum skjalaskápum. Einn veggurinn er hvítur og auður, fyrir utan lóðrétta mælistiku. Upp við vegginn eru teknar



myndir af grunuðum einstaklingum. Þá halda þeir á spjaldi með dagsetningu og snúa sér fyrst fram og svo til hliðar. Á mjóu borði er búnaður til að taka fingraför.

Ég þrýsti fingurgómi á blekpúða og set svo fingrafarið í réttan ramma á þar til gerðu spjaldi. „Verður tekin mynd af mér? Svona glæpamannamynd.“

„Nei,“ segir risinn. „Enda ertu ekki handtekin. Ég er bara að kanna ákveðinn möguleika, það er allt og sumt.“



Ég velti orðum hans fyrir mér. „Fundust sem sagt fingraför á vettvangi? Jafnvel bara eitt? En það passaði ekki við nein af þeim fingraförum sem eru á skrá. Sem þýðir að morðinginn hefur aldrei verið handtekinn. Er ekki á sakaskrá.“

„Þú ert ekki alvitlaus,“ segir rannsakandinn. „En vertu ekki að gaspra neitt um þetta úti í bæ. Ef þú gerir það, þá er mér að mæta.“

„Ég hef engan til að tala við,“ muldra ég.

„Er það svo,“ segir rannsakandinn. Hann gengur frá spjaldinu og bendir mér á vask hjá dyrunum. „Þvoðu af þér blekið, svo keyri ég þig heim. Eins og ég sagði, þá ertu ekki handtekin en það er ekki þar með sagt að þú liggir ekki undir grun. Þú mátt því hvorki yfirgefa borgina eða landið. Er það skilið?“

Ég kinka kolli, dauðadæmd á svip.



## Glæpur og refsing

Dómarinn horfir á mig úr hásetinu sínu, illilegur á svip. Hann er gamall og feitur, með froskaaugu og undirhöku, klæddur í svarta hempu og með síða hárkollu á höfðinu – hvítt gervihárið bylgjast í krullum beggja vegna við bústnar kinnarnar. Ég sit hokin innan við brúna trérimla, eins og krakki í leikgrind. En þetta er ekki leikgrind heldur stúka sakbornings. Verjandinn situr við hlið mér. Hann er lítill og mjór, sköllóttur með gleraugu. Hann segir aldrei neitt, veitir mér enga athygli og virðist fullkomlega áhugalaus um réttarhöldin. Kannski er hann ekki einu sinni alvöru maður heldur bara brúða. Á bak við glerin í umgjörðinni eru engin augu, litla leðurhöfuðið er eflaust fullt af tróði.

„... læddist þessi *geðsjúklingur* upp tröppurnar, með *hníf* í hendi og holu

í hjartanu! Heltekin ástsýki, kynvillu og afbrýði, búin að ákveða upp á sitt *sjúka* einsdæmi að ef *hún* fengi ekki hina myrtu þá fengi enginn hana ...“

Sækjandinn er langt frá því að vera brúða. Hann er eldspúandi dreki sem frussar af bræði, bendir ásakandi á mig og segir mig vera morðótt skrímsli sem eigi ekki skilið að lifa.

„... og skuli því deyja!“

Kliður fer um salinn. Áhorfendur stara á mig – á skrímslið sem er þarna til sýnis. Ég lít bænaraugum á verjandann. Ætlar hann ekki að segja neitt, að gera neitt? Nei, hann er jafn lífvana og fyrr.

Dómarinn lemur með hamrinum á þar til gerðan trékubb. Höggið bergmálar um salinn eins og byssuskot, ég hrekk í kút. Svo les hann upp dóminn. Blautar varirnar hreyfast, það skín í brúnar og skakkar tennurnar.

„... og dóminum framfylgt tafarlaust,  
strax í birtingu!“

Ég heyri ekki hvað hann segir en  
áhorfendur grípa andann á lofti.  
Sækjandinn glottir illskulega.

Verjandinn brosir afsakandi.

Verðirnir sækja mig og leiða burt  
í járnum.

Fangaklefinn er dimmur og rakur,  
líklega neðanjarðar. Rottur tísta,



inn um gluggaboru berst dauft tunglskin.  
Ég sit á hörðum bedda og stari út í loftið,  
inn í rökkrið. Ég fæ vatn og brauð, prestur  
kemur og tautar eitthvað samhengislaust.

Ég reyni að sofna en get það ekki.

Þeir sækja mig í dögum, svartklæddir  
verðirnir. Járna mig á höndum og fótum  
og leiða mig eftir löngum göngum.

Hinir fangarnir fylgjast hljóðir með en  
líta undan augnaráði mínu. Það skröltir  
í hlekkjunum, einhver stingur lykli í skrá.

Sólarljósið blindar mig.

Ég er leidd út í stórt port. Umhverfis það  
eru háir múrveggir. Í portinu miðju er  
gálgi, neðan úr honum hangir snara.

Ég þorna í munninum, hjartað byrjar að  
hamast. Verðirnir leiða mig upp tréstiga,  
á pallinum stendur fulltrúi sýslumanns og  
grímuklæddur böðull. Fyrir neðan pallinn  
sitja nokkrar manneskjur. Þar á meðal  
foreldrar mínir. Pabbi er fögur, mamma

grætur. Ég vinka henni, hún rekur  
upp hálfkæft óp.

Einhver les eitthvað.

„... auga fyrir auga, tönn fyrir tönn.“

Poki er settur yfir höfuðið á mér, svo  
er snaran hert um hálsinn. Ég stend á  
fallhlara. Það er heitt inni í pokanum,  
ég sé ekki neitt.

Eru þetta virkilega endalokin?

Það heyrir smellur. Hlerinn opnast,  
ég fell niður og ...

„Nei!“ Ég hrekk upp með andfælum.  
Sængin er blaut af svita. Mig var að  
dreyma. Þetta var martröð.

Bara martröð.

Skelfileg martröð.

Mér léttir svo mikið að ég fer að gráta.  
Ég fel mig undir sænginni. Tárin hrynja  
niður á koddann.

## Milli vonar og ótta

Morgunn – ég lifði nóttina af, og löggan er ekki enn kominn að sækja mig. Mamma og pabbi eru farin í vinnuna. Ég er ein heima. Ein með kvíðanum, óttanum og geðveikinni. Klukkuna í eldhúsinu vantar fáeinar mínútur í ellefu. Hvað ætli taki langan tíma að bera saman tvö fingraför? Er það gert í tölvu? Þarf kannski að senda fingrafarið til útlanda? Ég geng í hringi, naga á mér neglurnar. Það eru rúmír sextán klukku tímar síðan ég yfirgaf lögreglustöðina. Hvenær er mér óhætt að anda léttar? Væri ekki búið að handtaka mig ef fingraförin passa?

Er ég sú seka?

Ég held ekki – en ég get ekki verið viss. Kvöldið sem Áslaug var myrt er allt í móðu. Ég veit ekki nákvæmlega klukkan hvað ég fór út, auk þess sem ég var með ofskynjanir og svo framvegis.

En þar sem ég vissi hvorki að Áslaug væri til né hvar hún ætti heima, þá finnst mér ansi ólíklegt að ég hafi farið þangað. Hvað þá að ég hafi farið þangað með hníf og ...

Ég hristi höfuðið. Nei, ég er ekki morðingi. Ég hef aldrei hugsað þannig, aldrei orðið vör við slíkar hvatir. Ég myndi ekki gera slíkt.

En er það ekki einmitt það sem allir segja?

Ég dæsi, fæ mér glas af köldu vatni og man um leið eftir lyfjunum. Verð ég ekki að taka lyfin?

Jú, eða ...

Ég á víst ekki að taka þau á fastandi maga en hef enga lyst. Auk þess sem mér líður ekki það illa. Ekki þessa stundina.

En ...

En ég lofaði læknum að fylgja fyrirætlunum í þetta sinn. Að taka lyfin, sama hvað. Að viðurkenna vandann og taka ábyrgð á eigin heilsu.





Það er nefnilega svo auðvelt að fara í afneitun. Að fara að trúá því að lyfin séu vandamálið en ekki sjúkdómurinn. Að kerfið vilji hafa mig veika – að læknirinn sé óvinur.

Enginn vill vera veikur. Enginn vill vera háður lyfjum. Þess vegna er svo freistandi að sleppa þeim. Því heilbriggt fólk tekur ekki lyf. Sem þýðir að ef ég tek ekki lyfin mín, þá er ég allt í einu heilbrigð!

Hljómar klikkað, ekki satt? Heilbrigður einstaklingur myndi aldrei trúá svona rökleysu. Hann myndi heldur aldrei *heyra* hana, því hann myndi aldrei eiga svona samræður við sjálfan sig.

Ég brosi út í annað um leið og afneitunin víkur fyrir skynsemi. Ég þíni í mig ristudu brauði með osti og tek síðan lyfin mín. Ég veit að ég er veik og það er dýrmæt vitneskja. Án hennar ætti ég enga von um bata.

## Hinn seki stígur fram

Þessi langi dagur er loks að kveldi kominn. Ég anda léttar. Enginn kom að sækja mig. Sem þýðir að ég er ekki morðingi.

En samt er ég ekki alveg róleg. Því málinu er ekki lokið. Ég er saklaus en morðingi Áslaugar gengur enn laus. Ég reyni að slaka á, að beina huganum í aðrar og skynsamlegri áttir en það er hægara sagt en gert. Ég er enn með þráhyggju og ég veit að hún hverfur ekki fyrr en öll kurl eru komin til grafar. En ég ræði þetta ekki við neinn því ég vil ekki láta einhvern segja mér að ég eigi bara að gleyma þessu, að sleppa tókunum vegna þess að þetta *komi mér ekki við*.

Auk þess hef ég raunverulega engan til að ræða við. Í það minnsta engan sem skilur mig.

Í stofunni flöktir bláleitur bjarmi.  
Foreldrar mínir taka ekki eftir því  
þegar ég læðist fram í forstofuna.  
Ég klæði mig í jakka og skó, opna  
út í nóttina. Hvað er ég að gera?  
Hvert er ég að fara?

Ég er ekki viss. En mér finnst gott að  
ganga eftir mannlausum götunum,  
hlusta á næturhljóðin og anda að mér  
svölu loftinu. Himinninn er heiður,  
það glittir í fáeinar stjörnur og tunglið  
sem var fullt fyrir nokkrum dögum er  
að minnka, hægra megin á því er  
mjúkur skuggi sem færast smám saman  
yfir það – eins og einhver breiði svarta  
sæng yfir lýsandi höfuð.

Ég lít af og til um öxl því mér finnst eins  
og einhver sé að fylgjast með mér – að  
elta mig. En ég sé engan.

Ég stoppa. Mitt eigið fótatak þagnar – en  
það er eins og það bergmáli. Eins og sá  
sem er að elta mig stoppi örlitlu seinna.

Eða er ég að ímynda mér þetta?

Ég horfi. Ég hlusta.

Sé engan. Heyri ekkert – ekkert nema dempað hundsgelt, hávaða frá heimabíói og umferðarnið í fjarska.

Ég yppi öxlum, geng aftur af stað. Eins og svo oft áður geng ég niður að sjónum. Mér líður betur þegar ég er ekki innan um hús því húsin hafa augu. Inni í húsum er fólk sem gægist út um gluggana og fylgist með hverju fót máli mínu. Ég vil ekki láta fylgjast með mér.

Ég vil fá að vera í friði.

Ein með sjálfri mér.

Ég geng sömu leið og kvöldið sem Áslaug var myrt. En núna er allt eins og það á að vera. Engin blóðug fótspor á gangstéttinni, engar stjórnur á stærð við loftbelgi og ekkert bráðnandi hunangstungl.

Heilinn í mér býr ekki til ofskynjanir.

Geðveikin er í dvala.

Ég stíg út á grasbalann neðan við Sörlaskjól. Kannski er réttara að kalla þetta tún. Á því er sparkvöllur með tveimur mörkum. Ég geng í áttina að sjónum, yfirgef byggðina og borgarljósin og renn saman við myrkrið. Ég nem staðar á kambinum ofan við fjöruna, lygni aftur augunum, hlusta á sjávarniðinn og anda að mér saltri gjólunni.

Ég hugsa um Áslaugu, hitna öll og fæ fiðrildi í magann. Hún var dáiin þegar við hittumst. Einhvers konar draugur. Eða bara ímyndun? Nei, hún var hér – hjá mér. Með mér. Ekki sem hold og blóð heldur andi eða sál. Hold er úr þungu efni eins og steinar og tré. Andinn er fíngerðari, léttari. Meira eins og silkipráður eða ...

Hafgolan strýkur á mér vangann.

Eins og andardráttur, hugsa ég og brosi. Loftið sem við öndum að okkur er

ósýnilegt en samt er það efni. Meira að segja tvenns konar efni – súrefni og nitur. Stormar geta brotið tré, feykt burt húsum og breytt lygnum sjó í flóðbylgju. Samt getum við ekki gripið vindinn, hvað þá séð hann.

Þannig er sálin.

En ef ég átti raunveruleg samskipti við andaveru, þýðir það þá að ég var ekki með ofskynjanir? Ég meina, ef kossinn var ekki ímyndun ...

„... er ég þá nokkuð geðveik?“ spyr ég upphátt. Ein í myrkrinu. Með augun lokuð.

Svarið er þögn.

Eins konar þögn.

Alda fellur með mjúkum dynki. Hafgolán hvíslar. Og einhver hlær dimmum, köldum hlátri.

Ég stirðna – það er eins og blóðið frjósi í æðum mínum. Ég er ekki ein.

Það er einhver í myrkrinu.  
Ég þori varla að opna augun.

Hvað ef það er draugur?

„Þú ert eins geðveik og þær gerast,  
trúðu mér,“ segir röddin. Það er  
karlmannsrödd. Ég kannast eitthvað  
við hana. Hef heyrt hana áður.

Ég herði upp hugann, opna augun –  
svo kippist ég til, eins og ég fái  
rafstraum. Sem er kannski raunin.

Að sjá hann er einhvers konar  
sjökk – opinberun.

„Ísak,“ hvísla ég.

Hann starir á mig með bláum augum  
sem minna á frosið vatn. Ljósa hárið  
stendur út í loftið. Hann er í svörtum  
rykfrakka utan yfir svartri peysu og  
svörtum buxum. Ég hef aldrei áður  
séð hann utan geðdeildarinnar.  
Aldrei séð hann í öðrum fötum en  
einkennisbúningi gæslumannsins.

Eða hvað?

„Pað varst þú,“ hvísla ég.

„Hvað þá?“ spyr hann á móti. Andlitið er eins og gríma úr vaxi, augun skjóta neistum – ísnálum.

„Kvöldið sem Áslaug var myrt,“ segi ég. „Ég rakti fótsporin – hún leiddi mig hingað. Tunglið var bráðnandi hunang, og einhver flögraði upp úr fjörunni eins og leðurblaka. Ungur maður í svörtum frakka. Pað varst þú, ekki satt?“

Ísak gnístir tönnum. „Gastu ekki verið heima hjá þér, bjáninn þinn? Gastu ekki tekið helvítis lyfin eins og þér var sagt?“





„Ég vissi reyndar að það varst þú,“ segi ég. „Svona innst inni. Ég átti bara erfitt með að trúa því. En það var samt dálítið sem þú sagðir. Um myndina mína. Þú varst ekki viss hvort hún væri af fiðrildi eða mölfluggu. Þú varst ekki viss af því þú hafðir einu sinni giskað vitlaust. Þegar þú hélst að húðflúr væri fiðrildi. Og þá varstu leiðréttur. Þess vegna varstu hikandi yfir myndinni minni. Annars hefðir þú bara haldið að ég væri að teikna fiðrildi. Allir hefðu haldið það.“

„Hefurðu sagt einhverjum frá þessu?“  
spyr Ísak lymskulega.

Ég hika en hristi síðan höfuðið. Ég gæti logið en mig langar það ekki. Mig langar ekki leika einhvern leik. Er ég hrædd? Já. En það er ekkert nýtt. Ég hef verið hrædd síðan ég man eftir mér. Og ég er orðin leið á því.

Ísak glottir.

„Af hverju myrtirðu hana?“ spyr ég.

„Af því að hún var helvítis drusla,“  
hvæsir Ísak. „Lék sér að tilfinningum  
annarra. Svaf hjá öllum.“

„Jæja,“ segi ég. „Ég hélt kannski að það  
hefði verið vegna þess að hún svaf einmitt  
ekki hjá öllum. Til dæmis þér.“

Ísak hnussar. „Þú heldur að þú sért svo  
klár en þú ert bara heimskur bjáni.“

Ég yppi öxlum. „Það er skárra að vera  
bjáni en morðingi eins og þú.“

Ísak hristir höfuðið, svo dregur hann  
stóran eldhúshníf undan boðungi  
frakkans. „Bjánar eins og þú deyjá.  
Vissirðu það ekki?“

Ég stíg tvö skref til baka. „Hvað ertu  
að ...?“

„Þetta verður ekkert vont.“ Ísak mundar  
hnífinn. Hann er illskan uppmáluð. „Bara  
smá stunga, svo blæðir þér út – hjartað  
stoppar. Þú sofnar, og sefur að eilífu.“

„Þú hræðir mig.“ Ég er rámm af stressi.

„Ég skal gera allt sem þú biður mig um, bara ekki ...!“

Ísak gengur hratt að mér. Hann lyftir hnífnum upp fyrir höfuðið– tunglskininið blikar á flugbeittri egginni. „Deyðu!“

„Nei!“ Ég ber fyrir mig hendurnar, loka augunum og ...

„Núna!“ æpir einhver í fjarska. Það heyrast nokkrir dempaðir hvellir. Ísak rekur upp óp. Fætur hlaupa, menn kallast á.

Hver fjandinn er í gangi?

Ég frosin í sömu stellingunni. Stend á fjörukambinum, öll hokin og með hendurnar í einhvers konar viðbragðsstöðu. Hjartað hamast og ég finn hvernig blóðið þýtur umæðarnar.

Eða sprautast það út í loftið?

## Mölur og ryð

Ég opna augun, læt hendurnar síga og rétti úr mér. Ísak liggur á grúfu á jörðinni, umkringdur gráklæddum mönnum með svartar skíðagrímur, leðurhanska og einhvers konar vélbyssur í axlaról. Þeir halda honum niðri á meðan þeir járna hann á höndum og fótum.

„Ertu ósærð?“ spyr dimm og hrjuf rödd – sama röddin og hrópaði *núna!* fyrir fáeinum augnablikum. Röddin sem bjargaði lífi mínu. Hún tilheyrir rannsóknarlögreglumanninum í leðurfrakkanum. Rauðhærða risanum með grænu augun.

Hann tekur um axlir mínar, virðir mig svo fyrir sér, föðurlegur á svip. Eins og hann hafi áhyggjur af mér, að honum sé ekki sama.

Ég kinka kolli. „Hvað gerðist? Er þetta sérsveitin? Skutu þeir hann?“

„Bara gúmmíkúlur,“ segir risinn.

„Hann fær nokkra ljóta marbletti en mun ná sér að fullu. Hvað með þig?“

„Hvað með mig?“ hvái ég skjálfrödduð.

„Muntu jafna þig?“ spyr hann.

Ég kinka kolli án þess að hafa augun af Ísaki. Hann brýst um á kaldri jörðinni en getur sig hvergi hreyft. Hnífurinn liggur á grasinu rétt hjá. Stór og ógnvekjandi. Hnífurinn sem stefndi beint á hjartað í mér.

Mig svimar við tilhugsunina.

„Komdu. Fáum okkur kaffi.“ Rannsakandinn tekur utan um mig og stýrir mér burt af vettvangi, yfir túnið og að svörtum jeppa sem stendur við Sörlaskjól. Ég lít um öxl og sé þegar sérveitarmennirnir lyfta Ísaki upp og leiða hann burt.

Rauðhærði risinn opnar afturhlerann á jeppanum. Í skottinu er kassi með samanbrotnu teppi, hitabúsa og plastbollum.

„Hann beið eftir þér. Hann vissi að þú kæmir hingað, ekki satt?“ Risinn hellir kaffi í tvo bolla og réttir mér annan þeirra. „Að þú kæmir *aftur* hingað, réttara sagt.“

Ég kinka kolli, sýp á rjúkandi kaffinu.

„Hann heitir Ísak og er gæslumaður á geðdeildinni. Hann heyrði mig segja dálítið. Dálítið sem gerðist kvöldið þegar Áslaug var myrt.“

Rannsakandinn lokar afturhleranum á jeppanum. „Eigum við kannski að rölja niður að sjó?“

Ég lít út á túnið. Þar er ekkert að sjá nema myrkur. „Allt í lagi.“

Við göngum saman að sjávarkambinum.

„Þú veittir mér eftirför í kvöld,“ segi ég.

Hann kinkar kolli. „Ég hef fylgst með þér síðan ég sleppti þér. Ég vissi fljótlega að þú værir saklaus. En ég hafði á tilfinningunni að þú vissir eitthvað.“

„Mér fannst einhver vera að fylgjast með mér,“ muldra ég.

„Það var ekki bara ég, heldur líka Ísak,“ segir risinn. „Hann sat fyrir þér. Þegar ég varð var við hann, þá kallaði ég eftir aðstoð. Sérsvéitin var nýkomin á vettvang þegar hann réðst á þig.“

„Ég sá þá hvergi!“ segi ég hissa.

Rannsakandinn brosir út í annað. „Þeir kunna sitt fag.“

Við göngum niður í fjöruna og setjumst hlið við hlið á stóran stein. Horfum saman út á niðdimmt hafið.

„Hvað gerðist þetta kvöld?“ spyr risinn.

„Þú lofar að trúa mér?“ spyr ég.

Hann kinkar kolli.

Ég dreg andann djúpt, síðan segi ég honum allt saman. Frá blóðugu fótsporunum, manninum sem flögraði upp úr fjörunni og konunni sem birtist

eins og fyrir töfra. Ég segi honum að ég hafi séð dána manneskju, að við hefðum talað saman og að hún hafi kysst mig.

Svo bíð ég milli vonar og ótta.

Lögreglumaðurinn sýpur á kaffinu sínu, hugsar um það sem ég var að segja.

Síðan kinkar hann kolli, hugsar á svip.

„Hvað?“ spyr ég.





„Hún hefur eflaust átt við hnífinn,“  
segir rannsakandinn. „Hún sá hann  
henda morðvopninu í sjóinn. Það var  
það sem hún var að meina þegar hún  
sagði *hann fór í sjóinn*. Ekki morðinginn,  
heldur hnífurinn.“

„Þú trúir mér sem sagt?“ spyr ég  
undrandi.



Rauðhærði risinn kinkar kolli. „Þess vegna kom hann hingað þetta örlagaríka kvöld. Hann Ísak. Morðinginn sem þú sást flöggra hérna upp úr fjörunni. Hann kom til að losa sig við hnífinn.“

„Hún bað mig að finna lykilinn,“ tauta ég annars hugar. „Hún átti við hnífinn því hann er lykillinn að morðgátunni. Síðasta púslið. Aðalsönnunargagnið, er það ekki?“

„Vissulega,“ segir rannsakandinn. „Það sem tengir hinn grunaða við verknaðinn. Á morðvopninu er eflaust blóð úr hinni myrtu og vonandi einnig fingraför Ísaks. Á morgun mun ég senda kafara að leita að hnífnum.“

Hann tekur mark á mér, hugsa ég glöð. Hann efast ekki um orð mín heldur trúir mér í alvörunni!

Ætli hann sé kannski ...?

„Ert þú líka ...?“ Ég klára ekki spurninguna því ég veit ekki hvernig ég á að enda hana. Er hann líka hvað?

Geðveikur?

Skyggn?

Hann kinkar kolli, sorgmæddur á svip. Ég fæ skyndilega á tilfinninguna að hann hafi misst mikið, þessi maður. Að hann viti vel hvað það er að vera einmana, að þjást. Mig langar að taka utan um hann en ég veit ekki hvort það er viðeigandi. Þannig að ég sleppi því.

Kannski var hann eins og ég þegar hann var unglingur. Einmana, ringlaður og dapur. Mér líður stundum eins og allt sé búið, að ég eigi enga framtíð. En fyrst þessi maður gat orðið að rannsóknarlögglumanni, þá get ég það kannski líka?

„Er gaman að vera lögga?“ spyr ég hikandi.

Hann hugsar sig um. „Það er mjög krefjandi og oft mjög erfitt, svona andlega. En já, það er gaman. Gefandi. Sérstaklega

Þegar hlutirnir ganga upp. Eins og í kvöld.“

Ég brosi, enda finnst mér ég eiga svolítið í árangri lögreglumannsins.

„Ef þig langar að verða lögga, þá læturðu mig bara vita,“ bætir hann við. „Ég get gefið þér góð ráð. Beint þér í rétta átt.“

„Er það?“ spyr ég spennt.

Hann kinkar kolli. „Mín væri ánægjan. Eins bara ef þú vilt spjalla, þá veistu af mér. Þú átt ekki marga vini, er það?“

„Hvernig veistu það?“ spyr ég tortrygginn.

Hann brosir skökku brosi. „Ég er kannski gamall tröllkarl. En við erum lík, ég og þú. Líkari en þú heldur.“

Ég ræski mig. „Hvað hérna ...? Þarna um kvöldið, þegar ég sá Áslaugu. Heldurðu að ég hafi séð draug eða ...?“

Hann dregur djúpt andann. „Já og nei. Andi eða sál getur ekki lifað án líkama.“

Í þessum heimi okkar gilda ákveðin lögmál sem ekki er hægt að brjóta. Eins og þyngdarlögmálið, til dæmis. En það er ekki þar með sagt að ekki séu til aðrir heimar þar sem önnur lögmál gilda. Eða að tveir eða fleiri heimar geti ekki skarast.“

Ég hugsa um það sem hann sagði. „Ertu að segja að Áslaug sé lifandi í öðrum heimi eða í annarri vídd?“

Rauðhærði risinn yppir breiðum öxlunum. „Það eina sem ég veit er að það er heimur handan við þennan heim. Heimur sem mölur og ryð fær ekki grandað.“

Ég kinka kolli.

Við þegjum saman.

Allt í einu brýst tunglið fram úr skýjum og speglast á haffletinum. Geislarnir bylgjast í rökkrinu, flökta eins og kertalogi og breytast síðan í mölflugum sem flögrar um loftið beint fyrir framan okkur.

Hjartað í mér tekur kipp.

Mig langar að benda, að æpa *sjáðu sjáðu*.

En ég er sem lömuð og kem ekki upp einu einasta orði.

Ég stari bara á náttfiðrildið. Á tunglsljósið dansa.

Endir.



# Bækur í sama flokki

## Strákaklefinn

GUNNAR HELGASON



## Draugaljosið

HILDUR KNÚTSDÓTTIR



## Gleraugun hans Góa

ARNDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR



## LYGINNI LÍKAST

ARNDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR



Morð er framið í Reykjavík og unglingsur sem á við geðræn vandamál er grunaður um verknaðinn. Ekki er allt sem sýnist og stundum rennur raunveruleikinn saman við hugrenningar unglingsins. Hver er konan í drekasloppnum? Er hægt að treysta rauðhærða risanum?

Höfundur sögunnar er Stefán Máni og myndskreytingar eru eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur.



MENNTAMÁLASTOFNUN

40174